

Dómsorð:

Ákærði, Ingimar Jónsson, sæti fangelsi í 3 ár og 6 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmans, og skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmans, kr. 25.000.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 18. janúar 1960.

Nr. 209/1959. Kristinn Magnússon,
 María Magnúsdóttir,
 Sigríður Kristinsdóttir,
 Margrét Kristinsdóttir,
 Magnús Sverrisson og
 Gunnar Sverrisson
 gegn
 Kvenfélaginu Hringnum.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
 son og Jón Ásbjörnsson og prófessorarnir, Ármann Snævarr og
 Ólafur Jóhannesson.

Kærumál. Heitfesting vitnis.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. nóvember f. á., er barst dóminum 2. desember s. á. Þeir gera þær dómkröfur, aðallega að úrskurður hér-
 aðsdóms verði ómerktur, en til vara, að Sigurði yfirlækni Samúelssyni verði eigi leyfð heitfesting vættis síns fyrir héraðsdómi. Þá krefjast sóknaraðiljar málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðiljunum Kristni Magnússyni og Mariu Magnúsdóttur.

Engin þau atriði liggja fyrir í málinu, er leiða eigi til þess, að greindu vitni skuli synja um staðfestingu vættis síns. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðiljum Kristni Magnússyni og Mariu Magnúsdóttur að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar Kristinn Magnússon og María Magnúsdóttir greiði varnaraðilja, Kvenfélaginu Hringnum, kærumálskostnað, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 16. nóvember 1959.

Umboðsmaður sóknaraðilja, Gunnar A. Pálsson hrl., hefur krafizt þess, að vitninu dr. med. Sigurði Samúelssyni, Háuhlíð 10, verði með úrskurði skiptaréttarins synjað um heimild til þess að staðfesta með eiði eða drengskaparorði framburð sinn í máli þessu. Hann hefur og krafizt þess, að sóknaraðiljanum verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi varnaraðilja vegna þessa þáttar skiptamálsins.

Umboðsmaður varnaraðilja, Gústaf A. Sveinsson hrl., hefur aftur á móti krafizt þess, að vitninu verði heimiluð staðfesting framburðarins. Enn fremur hefur hann krafizt þess, að við endanlega ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þessa þáttar málsins varnaraðilja í hag. Hann hefur krafizt þess, að umboðsmaður sóknaraðilja verði víttur fyrir ýmis nánar til tekin ummæli, sem fram koma í greinargerð hans vegna atriðis þessa, og að þau verði úrskurðuð ómerk.

Þessi ágreiningur var tekinn til úrskurðar hinn 9. þ. m., að loknum munnlegum flutningi. Áður höfðu umboðsmenn aðiljanna skilað hvor sinni greinargerð um atriðið.

Með arfleiðsluskrá, dagsettri 21. ágúst 1954 og staðfestri no-

tarialiter, gerði Sigríður Einarsdóttir, Ásvallagötu 1, þá ráðstöfun eigna sinna eftir sinn dag, að kjörbörn hennar og Magnúsar Benjamínssonar, sem þá var látinn, þau Kristinn E. Magnússon, Þingholtsstræti 23, og María Magnúsdóttir, Ægissíðu 46, skyldu hljóta í arf eftir sig 200 þúsund krónur hvort, en kjörbarnabörnin skyldu hvert um sig hljóta 25 þúsund. Það, sem afgangsrör eignunum, skyldi renna til Kvenfélagsins Hringsins og með þeim stofna sjóð, sem bæri nafn þeirra hjóna Sigríðar og Magnúsar. Tilgangur sjóðsins skyldi verða sá að stuðla að rannsóknnum hjartasjúkdóma sérstaklega, leita aðferða til að greina þá og ráða gegn þeim, allt samkvæmt nánari ákvörðun sjóðsstjórnar, en hana skyldu skipa formaður Hringsins og yfirlæknir lyfja-, skurð- og röntgendeilda Landspítalans, allt þar til væntanlegt barnasjúkrahús tæki til starfa, en þá skyldi yfirlæknir þess taka sæti í stjórn sjóðsins, auk þeirra aðilja, sem að framan greinir.

Nú hefur orðið ágreiningur um gildi arfleðsluskrárinnar, og hefur sérstakt mál út af því verið rekið fyrir skiptaréttinum að undanfögnu. Hafa kjörbörn Sigríðar Einarsdóttur meðal annars mótmælt því, að hún hafi verið svo andlega heil, er hún undirritaði skrána, að hún hafi getað gert sér grein fyrir því, sem hún var að gera. Þessari staðhæfingu er mótmælt sem rangri af hálfu varnaraðiljans og því haldið fram, að skráin sé í alla staði óvafengjanleg.

Er oftnefnd arfleðsluskrá var staðfest á heimili Sigríðar Einarsdóttur hinn 21. ágúst 1954, var þar staddur dr. med. Sigurður Samúelsson, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknir lyfjadeildar Landspítalans. Gerðist hann notarialvottur að erfðaskránni ásamt Sveinbirni Jónssyni hrl.

Hann hefur gefið vottorð í máli þessu, auk þess sem hann var notarialvottur, og hefur það verið lagt fram í málinu sem rskj. nr. 23. Þá hefur hann og mætt sem vitni í máli þessu dagana 4. og 10. júní, 22. og 24. október og 12. nóvember 1958, og 14. október 1959.

Í síðast töldu réttarhaldi lýstu umboðsmenn aðiljanna því yfir, að þeir hefðu ekki frekari spurningar fram að færa til þessa vitnis, og mótmælti umboðsmaður sóknaraðilja framburðinum m. a. sem óstaðfestum. Krafðist umboðsmaður varnaraðilja staðfestingar á framburðinum. Sjálfur lýsti dr. Sigurður sig reiðubúinn að staðfesta framburð sinn allan hér fyrir réttinum.

Umboðsmaður sóknaraðilja byggir mótmæli sín gegn því, að vitninu verði leyft að staðfesta framburð sinn, á ýmsum atrið-

um, sem hér skulu stuttlega rakin. Hann færir það fram, að samkvæmt orðahljóðan arfleiðsluskrárinnar yrði vitnið, sem nú er yfirlæknir lyfjadeildar Landspítalans, mikils ráðandi um ráðstöfun sjóðsins, sem skráin gerir ráð fyrir, að stofnaður yrði. Mundi vitninu vera að þessu frami og vegsauki og miklar líkur til þess, að horfði honum til hagnaðar, áhrifa og bættrar aðstöðu á ýmsan veg, enda hafi vitnið og lýst því yfir, að gefnu tilefni, að honum sé áhugamál um, að sjóður þessi yrði að veruleika. Vegna þessa hafi og verið misráðið, að hann var fenginn til þess að vera notarialvottur, er skráin var undirrituð, og beri á það að líta, að þá er undirritun fór fram, hafi vitnið verið undirmaður prófessors Jóhanns Sæmundssonar, sem mestu muni hafa ráðið um efni skrárinnar. Heldur umboðsmaður sóknaraðilja því fastlega fram, að þegar á þetta sé litið, verði vitni þetta að teljast svo gallað í skilningi 127. gr. einkamálalaga, 2. málsg. 1, að dómara beri að synja því staðfestingar framburðarins. Enda beri framburðurinn það með sér á flestan hátt, — sé hann litadur mikilli hlutdrægni varnaraðilja í hag, og hafi vitnið gerzt bert að fleirsögli og hafi greinilega gert upp á milli aðilja, varnaraðilja í hag, með viðbrögðum sínum og svörum við spurningum, er fyrir það hafi verið lagðar. Hafi alltaf verið bersýnilegt, að það hafi óskað þess eindregið að komast í þá aðstöðu, sem arfleiðsluskráin sé líkleg til að skapa vitninu, ef ákvæði hennar næðu fram að ganga.

Þessari málsútlistun umboðsmanns sóknaraðilja er mótmælt í öllum greinum af hálfu varnaraðilja málsins. Fyrst og fremst er því haldið fram, að fjarri fari, að vitninu, dr. Sigurði Samúelsyni, yrði að því neinn sérstakur vegsauki út af fyrir sig að takast á hendur meðstjórn sjóðs þessa, og þaðan af síður gæti slíkt horft honum til hagræðis eða persónulegra hlunninda. Komi ekki til mála, að varhugavert megi ætla af þessum sökum að leyfa honum staðfestingu framburðar hans, enda verði hvergi séð af svörum hans við spurningum umboðsmanna aðiljanna, að hann hallist að öðrum málsstaðnum meira en hinum. Bent er á og staðhæft, að allflestar spurningar þær, sem hafi verið lagðar fyrir vitnið af umboðsmanni sóknaraðilja, hafi í senn verið óþarfar og veiðandi, en svör vitnisins hafi alltaf verið góð og gild og sannleikanum samkvæmt.

Umboðsmaður varnaraðilja hefur krafizt ómerkingar á ýmsum ummælum í greinargerð, er umboðsmaður sóknaraðilja hefur skrifað í tilefni ágreinings þess, sem hér er til úrskurðar, og jafn-

framt krafizt þess, að umboðsmaður sóknaraðilja verði víttur fyrir þau. Þessi greinargerð hefur verið lögð fram í máli þessu sem rskj. nr. 50, og eru ummælin, sem hér segir, innan tilvitnunarmerkja:

Innt er að því, að vitnið, dr. Sigurður Samúelsson, hafi sýnt áhuga fyrir að „klófesta“ eignir þær, sem um er deilt í þessu máli. Þá stendur í rskj. 50, að Sigríður Einarsdóttir hafi verið „látin gera skrána“. Enn fremur, að dr. Sigurður Samúelsson hafi sýnt „ódulbúna hlutdrægni“ og algeran óvilja „til þess að segja nokkurn hlut, er hann gæti ímyndað sér, að kynni að geta orðið málstað umbj.m. að liði“, að hann hafi orðið „fleirsaga“, haft á orði „læknisfræðilegar fjarstæður“ og „einfeldnislegar staðhæfingar“ og að hann hafi sagt það „sem hv. andst. ætlast til af því og þegir um það, sem hann ætlast til, að það þegi um“.

Eigi verður fallizt á samkvæmt því, sem fram er komið í máli þessu, að vitnið, dr. Sigurður Samúelsson, hafi verið óstöðugt í framburði sínum eða sé svo við mál þetta riðið, að til mála komi að synja því um staðfestingu framburðarins.

Ákvörðun um ómerkingu og vítur á hendur umboðsmanni varnaraðilja, Gunnari A. Pálssyni, fyrir ummæli þau, er tilgreind eru hér að ofan, þykir rétt að geyma, þar til endanlegur úrskurður er kveðinn upp í máli þessu. Á sama hátt verður ekki tekin hér ákvörðun um sérstakan málskostnað í þessum þætti málsins.

Því úrskurðast:

Vitninu, Sigurði Samúelssyni, verður ekki synjað um staðfestingu framburðarins.
